

• 04.10

Hjúkkan kemur

• 5.10

List fyrir alla í

Borgarnesi

I. - 10. b á Milky-
whale

• 06.-07.10

Smiðjur á
Kleppjárnsr.

• 16.10

Inga sálfræðingur
kemur

• 18.10

Íþróttæfing

• 26.10

Langur dagur

5.-10. bekkur

• 30.10

Starfsdagur

Sigga litla systir mín
Sigga litla systir mín
situr úti í götu,
er að mjólka ána sína
í ofurlitla fötu.

Sveinbjörn Egilsson

Októberbréf

VETURINN 2017 – 2018

ÁB.M. INGVELDUR.

Skólastarfið fer vel af stað

September var ljúfur við okkur flest þó misjafnlega hafi nú viðrað á smalanu suma hverja! Við skólann starfa nú sem fyrr miklir reynsluboltar en í hópinn hafa bæst 2 nýliðar í kennslu. Óhætt er að segja að þeim hafi verið vel tekið þó óneitanlega sé ætíð mikið álag í upphafi kennsluferilisins enda margt að læra.

Skólastarfið hefur einkennst af lestrarþjálfun og námsmati.

4. og 7. bekkurinn okkar tóku samræmd próf og gekk fyrir lögð þeirra mjög vel. Það er almennt mat kennara og nemenda að þetta nýja fyrirkomulag, að leggja prófin fyrir á rafrænan hátt sé betra heldur gamli góði pappírinn. Lesferillinn er verkefni á vegnum MMS þar sem lögð eru fyrir stöðluð læsispróf og fyrsta próf vetrarins var lagt fyrir í

september. Niðurstöður þeirra ættu að birtast fljótlega á Mentor, en við munum láta vita þegar það verður.

Í október má búast við því að við gerum slátur og bjóðum til



Byrjendur og lengra komnir I. og 4. árgangur

okkar foreldrum, en það verður auglýst nánar síðar.

Næstu verkefni okkar verða að koma starfsáætlun vetrarins til ykkar allra og skóladagatalið verður sent heim til allra. Líkt

og í fyrra ætlum við að láta grunnþætti menntunar vera sýnilega og áberandi í skólastarfinu en í október er það jafnrétti sem fær aukna umfjöllun hjá okkur.

Leikskólinn okkar vex og dafnar og nú í október verða krakkarnir þar orðnir 9 talsins. 2 drengir og 7 stúlkur.

Vinaliðaverkefnið fer aftur af stað nú í október og elstu krakkarnir í leikskólanum fara að koma til okkar í skipulagðar heimsóknir.



Fréttir frá foreldrafélaginu

Gott samstarf heimilis og skóla er mikilvægt heyrir gjarnan á hátíðisdögum - og þar er engu logið. Daglegt samstarf um nám og líðan barnanna er mikilvægt og margsannað þykir að börn njóta góðs af þessu samstarfi. Væntingar og virkni foreldra er einn veigamesti þátturinn í velgengi barna í grunnskóla.

Laugargerðisskóli er heppinn hvað þetta varðar. Viðhorf foreldra til skólans er einkar jákvætt og hann nýtur mikils og góðs stuðnings þeirra. Foreldrafélagið er einn liður í þessu samstarfi. Í stjórnu nú eru þær Katý, Guðný og ný inn kemur Sigurbjörg Ottesen. Félagið stendur fyrir öflugum starfi nú í vetur, m.a.

íþróttæfingum sem Magnús Kristjánsson mun sjá um. Foreldrar taka einnig þátt í löngum dögum, fjáröflun og standa fyrir samstarfi við Lýsu-hólsskóla. Allir þessi viðburðir eru merktir inn á skóladagatalið. Að auki má búast við því að farið verði á skauta og í leikhús.

Afmælisbörn október eru:

2. Gísli

10. Ríkey

28. Lukas



Til hamingju!